



Til bæjarráðs

Kópavogi, 9. desember 2025
2510596/005.05 ÁH

Efni: Ástand og burðargeta fráveitukerfis Kópavogsbæjar

Á fundi bæjarráðs 9. október 2025 var óskað eftir upplýsingum um ástand og burðargetu fráveitukerfis Kópavogs í ljósi uppbyggingar í eldri hluta bæjarfélagsins og uppbyggingar á nýjum hverfum í efri hluta þess.

Meðfylgjandi er greinagerð þar sem lýst er uppbyggingu fráveitukerfis og áætlað rennslismagn miðað við þá uppbyggingu sem er fyrirhuguð á næstu árum í Kópavogi. Fyrirhuguð uppbygging tekur mið að fjölgun íbúa í aðalskipulag Kópavogs eða til ársins 2040. Stofnæðar fráveitu eru tvær. Annars vegar Kópavogsræsi sem liggur að miklu leyti meðfram Fífuhvamsvegi um Kópavogsdal og meðfram suðurströnd Kársnes. Hins vegar Fossvogsræsi sem liggur um Fossvogsdal og norðan við Fossvoginn. Í Fossvogsræsið fer meginþorri fráveitu Hvarfahverfis og Þinga, norðanverðs Digraness, Sæbólshverfis og miðbæjarsvæðis en Kópavogsræsið tekur við fráveitu annarra hverfa í Kópavogi.

Burðargeta ræsanna er almennt góð en tveir veikir hlekkir eru á báðum ræsum. Fyrir Kópavogsræsi þarf að huga að lagfæringum við Hafnarfjarðarveg þar sem fjarlægja þarf þrengingu á ræsisröri í undirgöngum. Jafnframt þarf að auka dælugetu dælustöðvarinnar við Hafnarbraut, en við framtíðaruppbyggingu á Kársnesi verður dælustöðin komin að þolmörkum. Dælustöðin dælir einnig fráveituvatni frá hluta Garðabæjar í Skerjafjarðarveitu og áframhaldandi uppbygging í Garðabæ getur haft verulega þýðingu fyrir afkastagetu dælustöðvarinnar. Fyrir Fossvogsræsi þarf að svera tvo stutta hluta ræsislagnarinnar við Breiðholtsbraut og Dimmuhvarf áður en Vatnsendahlíð verður fulluppbyggð.

Talsvert vinnst með því að draga úr magni yfirborðsvatns í skólplögnum. Í eldri hverfum bæjarins er enn að finna einfaldar lagnir þar sem yfirborðsvatn blandast skolpvatni en markviss vinna hefur staðið yfir síðustu áratugina að eyða út slíkum lögnum. Nú síðast með endurnýjun Urðarbrautar. Setja þarf upp áframhaldandi áætlun fyrir endurnýjun gatna og breytinga á fráveitukerfi en slíkar framkvæmdir eru oftast verulega íþyngjandi fyrir íbúa og því nauðsynlegt að vanda vel til verka við framkvæmdirnar og undirbúning.

Virðingarfyllt,

Ásthildur Helgadóttir

Sviðsstjóri umhverfissviðs

